



Ritrýnd grein birt 31. desember 2011

Kristín Á. Ólafsdóttir

„Indæl“ markmið en ógerningur að sinna þeim öllum List- og verkgreinar – áætlað umfang og nýting námskráa við undirbúning kennslu

Í greininni er sagt frá fyrstu niðurstöðum rannsóknar á list- og verkgreinum. Fjallað er annars vegar um áætlað umfang greinanna út frá fjölda sérhæfðra kennara og með hliðsjón af viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár grunnskóla. Hins vegar er umfjöllun um nýtingu list- og verkgreinakennara á aðalnámskrá og skólanámskrá við undirbúning kennslu og hópur list- og verkgreinakennara borinn saman við aðra kennara í þeim efnum. Rannsóknin er unnin í tengslum við rannsóknina *Starfshættir í grunnskólum*. Tuttugu grunnskólar í fjórum sveitarfélögum tóku þátt í rannsókninni og er hér unnið úr spurningalistum til starfsmanna og hópviðtölum við list- og verkgreinakennara. Niðurstöður bentu til að fjöldi sérhæfðra list- og verkgreinakennara í skólunum væri ekki í samræmi við þann lágmarkstíma sem greinunum er ætlaður í aðalnámskrá grunnskóla. Niðurstöður leiddu einnig í ljós að aðeins um 59% list- og verkgreinakennara studdust að öllu eða miklu leyti við aðalnámskrá við undirbúning kennslu að hausti og að þeir studdust síður við aðal- og skólanámskrá en aðrir kennarar skólanna. Jafnframt kom fram að list- og verkgreinakennarar höfðu kennt lengur í viðkomandi skólum en aðrir kennarar.

Höfundur er aðjúnkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

“Lovely“ objectives but impossible to take care of them all:

Art and craft in schools – estimated scope and use of curricula in teachers' preparation for classes.

The article presents the first findings from a study on art and craft in schools. There is a discussion of the estimated scope of these subjects based on the number of specialized teachers and taking into consideration the timetable in the national curriculum. There is also a discourse on how art and craft teachers make use of the national curriculum and the school's curriculum when preparing for classes. In these terms the group of art and craft teachers are compared to other teachers. The study is a part of a larger research project on teaching and learning in Icelandic schools for age levels 6 to 15. Twenty schools in four different municipalities took part in the study. This article is based on the results of questionnaire surveys submitted to employees and interviews with groups of art

and craft teachers. The findings indicate that the number of specialized art and craft teachers is not in accordance with norms in the national curriculum. The findings also show that art and craft teachers made less use of the national and the school's curriculum than teachers of other subjects. Furthermore, they had worked for a longer period of time in their schools than other teachers.

The author is adjunct at the School of Education, University of Iceland.

Inngangur

Starfshættir í list- og verkgreinakennslu hafa lítið verið rannsakaðir hér á landi og því liggja ekki fyrir glöggar upplýsingar um hvort eða hvernig unnið er út frá lögum og opinberum námskrám á þessum sviðum grunnskólustarfs. Reyndar viðist þessi skortur á rannsóknum eiga við víðar en á Íslandi því að í *Vegvísi fyrir listfræðslu* (UNESCO, 2006/2007), skýrslu sem byggir á niðurstöðum heimsráðstefnu UNESCO árið 2006 um listfræðslu, segir að „stór svið listfræðslu haf[ing] hvorki verið rannsökuð né skoðuð með formlegum hætti“ (bls. 16). Bamford (2006), sem rannsakað hefur kennslu listgreina í meira en 60 löndum, segir niðurstöður sýna að gjá sé á milli opinberrar stefnu og þess sem fram fer í skólum. Framkvæmdin sé ekki í samræmi við háleit markmið stefnunnar þar sem listir virðast mikils metnar.

Til að skoða stöðu list- og verkgreina hér á landi var settur á laggirnar sérstakur rannsóknarhópur sumarið 2009 í tengslum við yfirgripsmikla rannsókn á starfsháttum í grunnskólum. Um 40 manna hópur fræðimanna og meistara- og doktorsnema stendur að rannsókninni *Starfshættir í grunnskólum*, þar af rannsakar um fjórðungur list- og verkgreinar sérstaklega.¹

Meginmarkmið rannsóknarinnar á list- og verkgreinum eru að veita yfirsýn yfir starfshætti í þeim greinum í íslenskum grunnskólum og skapa undirstöðu fyrir stefnumörkun og þróunarstarf á vegum opinberra aðila og einstakra skóla til að auka gæði og árangur námsins. Námsgreinar, sem falla undir skilgreininguna list- og verkgreinar í þessari rannsókn, eru átta: Heimilisfræði, íþróttir – líkams- og heilsurækt, hönnun og smíði og þær greinar sem í aðalnámskrá frá 2007 flokkast sem listgreinar, þ.e. dans, leikræn tjáning, myndmennt, textílmennt og tónmennt. Mikið magn rannsóknargagna liggur fyrir en úrvinnsla þeirra er á byrjunarstigi. Ein af rannsóknarspurningum rannsóknarinnar á list- og verkgreinum lýtur að samræmi á milli markaðrar stefnu, meðal annars í aðalnámskrá, og raunverulegrar framkvæmdar í skólum. Spurningin hljóðar svo:

- Að hvaða marki er samræmi á milli stefnumörkunar ríkis, sveitarfélaga og kennarasamtaka um nám og kennslu í list- og verkgreinum og náms og kennslu í þessum greinum í reynd?

Viðfangsefni þessarar greinar tekur mið af því markmiði að veita yfirsýn yfir starfshætti í list- og verkgreinum og má líta á hana sem lítið skref að því marki. Hluti yfirsýnarinnar er að sjá hvort og þá hvernig unnið sé í skólunum eftir markaðri stefnu eins og fram kemur í rannsóknarspurningunni hér að ofan. Kynntar eru fyrstu niðurstöður er lúta að stefnumörkun ríkisins um list- og verkgreinar eins og hún birtist í aðalnámskrá grunnskóla sem byggir á lögum um grunnskóla. Spurt er:

- Hvernig eru viðmið aðalnámskrár grunnskóla um umfang list- og verkgreina uppfyllt í skólunum með hliðsjón af sérhæfðum kennurum?

¹ Sjá <https://skrif.hi.is/starfshaettir/>.

„Indæll“ markmið en ógerningur að sinna þeim öllum: List- og verkgreinar – áætlað umfang og nýting námskráa við undirbúning kennslu

- Að hvaða marki nýta list- og verkgreinakennarar sér aðalnámskrá og skólanámskrá þegar þeir undirbúa kennslu og er munur á list- og verkgreinakennurum og öðrum kennurum í þeim efnum?

Heillegri sýn yfir starfshætti, nám og kennslu í list- og verkgreinum og samhengi við stefnumótun mun smám saman verða til eftir því sem úrvinnslu rannsóknargagna vindur fram.

List- og verkgreinar í lögum og námskrám

Í bókinni *Lýðmenntun*, sem út kom fyrir rúmri öld gerir höfundurinn, Guðmundur Finnbogason (1903/1994), rækilega grein fyrir tíu námsgreinum og rökstyður gildi þeirra og markmið. Tæpur helmingur námsgreinanna, sem þóttu mynda grundvöll almennrar menntunar samkvæmt athugunum Guðmundar Finnbogasonar, eru forverar list- og verkgreina í íslenskum grunnskólum nútímans. Bókina skrifaði Guðmundur eftir að hafa rannsakað uppeldis- og menntamál erlendis með tilstyrk Alþingis gegn því að hann gerði tillögur að fyrirkomulagi á því sviði hér á landi. Námsgreinar tíu segir Guðmundur vera þær helstu sem kenndar séu í skólum þegar „leggja skal grundvöll almennrar menntunar, veita nemendum frumskilyrðin til að afla sér frekari menntunar og skipa stöðu sína í mannlegu félagi.“ (Guðmundur Finnbogason, 1903/1994, bls. 67).

Greinar sem Guðmundur fjallar um eru *teikning*, sem þróast hefur í námsgreinina myndmennt, *handavinna*, sem nú heitir annars vegar hönnun og smíði og hins vegar textílmennt, *leikfimi* og *íþróttir* eða *íþróttir* – líkams- og heilsurækt nútímans og loks *söngur* sem í dag fellur inn í námsgreinina tónmennt (Guðmundur Finnbogason, 1903/1994).

Efni *Lýðmenntunar* var meðal þess sem byggt var á þegar fræðslulögin, sem samþykkt voru 1907, voru smíðuð. Ofangreindar námsgreinar komu þó ekki fram í lögum nema að því marki að kveðið var á um að öll börn, sem væru orðin 14 ára, ættu að hafa lært „nokkur einföld sönglög, einkum við íslensk ættjarðarljóð“ (*Lög um fræðslu barna* nr. 59/1907, 2. gr.). Í *Námskrá fyrir barnaskóla* frá árinu 1929 var útfært ákvæði í lögum frá því þremur árum áður (Fræðslumálastjórnin, 1929; *Lög um fræðslu barna* nr. 40/1926, 2. gr.) um að öll börn ættu að kunna nokkur sönglög og einnig að „geta gert einfaldar dráttmyndir“. Handavinna og leikfimi urðu lögboðnar námsgreinar með fræðslulögum 1936 (*Lög um fræðslu barna* nr. 94/1936) og í lögum tíu árum síðar (*Lög um fræðslu barna* nr. 34/1946) höfðu bæst við ákvæði um kennslu í teikning, söng og sundi. Í *Námskrá fyrir nemendur á fræðsluskylldualdri* (Menntamálaráðuneytið, 1960) var greinin matreiðsla og hússtjórn. Heimilisfræði kemur fyrst fram í lögum 1974 (*Lög um grunnskóla* nr. 63/1974, 42. gr.). Í aðalnámskrá sem gefin var út í kjölfar grunnskólalaga 1974 varð sú mikilvæga breyting gerð að strákum og stelpum skyldi kenna sömu greinar (Guðrún Hannele Henttinen, 2000). Fram til þess tíma hafði handavinnan skipst í skólasmíði pílta og handavinnu stúlkna. Leikræn tjáning fékk ekki formlegan sess í aðalnámskrá fyrr en 1976–1977 og þá sem kennsluáferð í móðurmálskennslu og samfélagsfræði (Kristín Á. Ólafsdóttir, 2007). Í lögum um grunnskóla frá 1991 (*Lög um grunnskóla* nr. 49/1991) bættust leiklist og dans við þær listgreinar sem fyrir voru í eldri lögum. Aðalnámskrá fyrir grunnskóla var gefin út í 12 heftum árið 1999 og var eitt þeirra helgað listgreinum. Í því höfðu dans og leikræn tjáning sinn kaflann hvor og aðrar listgreinar voru myndlist, textílmennt og tónmennt (Menntamálaráðuneytið, 1999). Sérstakt hefti var fyrir heimilisfræði og annað fyrir íþróttir – líkams- og heilsurækt. Hönnun og smíði var í aðalnámskránni frá 1999 hluti greinaheftis um upplýsinga- og tæknimennt en í aðalnámskrá 2007 varð hönnun og smíði sjálfstætt námssvið með eigið námskráhefti.

Hér var stiklað á stóru til þess að gefa grófa mynd af forverum og þróun námsgreinanna átta sem rannsóknin á list- og verkgreinum tekur til. Samfara lengingu á skólagöngu barna og unglinga og miklum samfélagsbreytingum þróuðust greinarnar, urðu umfangsmeiri og nýjar bættust við. Kynjaskipting, sem átti við um nokkrar þeirra langt fram á síðustu öld, var afnumin. Greinarnar eru nú allar ætlaðar stúlkum og drengjum.

List- og verkgreinar í aðalnámskrá 2006–2007

Í þessari umfjöllun verður miðað við fyrirmæli aðalnámskrár grunnskóla 2006–2007 um greinarnar átta sem rannsóknin tekur til. Hún hafði verið í gildi í meira en tvö ár þegar gagnaöflun rannsóknarinnar fór fram og í raun lítið breytt frá árinu 1999 þar sem óverulegar efnisbreytingar voru gerðar á markmiðum námsgreina í endurskoðun aðalnámskrár 2007.

Aðalnámskrá „setur sameiginleg markmið náms og kennslu í öllum grunnskólum landsins.“ Hún „segir til um áherslur og vægi“ og er

...allt í senn, stjórnþæki til að fylgja eftir ákvæðum laga, fyrirmæli fræðslufirvalda um að ákveðinni skólastefnu sé framfylgt og safn sameiginlegra markmiða skólastarfs í landinu (Menntamálaráðuneytið, 2006, bls. 10).

Umfang list- og verkgreina samkvæmt aðalnámskrá

Vægi námsgreina innbyrðis og vikulegur kennslutími „á einstökum námssviðum sem hver nemandi á rétt á“ birtist í viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár. Skólarnir hafa sveigjanleika með skiptingu lágmarkstíma hvers námssviðs á milli ára innan hvers aldurstímabils, þ.e. 1.–4. bekkjar, 5.–7. bekkjar og 8.–10. bekkjar (Menntamálaráðuneytið, 2006, bls. 13). *Tafla 1* sýnir skiptingu viðmiðunarstundaskrárinnar niður á aldurstímabil og námssvið, tilgreindur er tími fyrir hverja list- og verkgrein en tími fyrir aðrar greinar í aðalnámskrá lagður saman.

Tafla 1 – Viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár 2006.					
Námssvið	1.–4. bekkur (mín.)	5.–7. bekkur (mín.)	8.–10. bekkur (mín.)	Vikulegur kennslutími alls í mínútum	Vikulegur kennslutími alls í mínútum %
Heimilisfræði	160	240	80	480	4%
Hönnun og smíði	160	120	40	320	2%
Íþróttir – líkams- og heilsurækt	480	360	360	1.200	9%
Listgreinar	640	480	160	1.280	10%
Aðrar greinar	2.800	2.600	2.840	8.240	61%
Val	560	400	960	1.920	14%
Vikustundir alls	4.800	4.200	4.440	13.440	100%

Efni töflunnar er byggt á almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla, 2006, bls. 14.

Í *Töflu 1* má sjá vikulegan kennslutíma alls sem viðkomandi námssviði er ætlaður yfir skólagönguna frá fyrsta til tíunda bekkjar. Fram kemur að list- og verkgreinum er ætlaður fjórðungur heildartíma nemenda eða 25% hans, auk þess sem þessar greinar geta verið hluti af vali sem í heild er ætlaður 14% af tíma nemenda. Í aðalnámskránni kemur fram sérstaða sjö af átta greinum sem rannsóknin tekur til hvað snertir kennslutímamann í 8.–10. bekk. Sagt er að tímamagn á því aldurstigi fyrir listir, heimilisfræði og smíðar „miðist fyrst

„Indæli“ markmið en ógerningur að sinna þeim öllum: List- og verkgreinar – áætlað umfang og nýting námskráa við undirbúning kennslu

og fremst við 8. bekk. Skólar hafa þó frelsi til að skipuleggja kennslu á annan hátt.“ (Menntamálaráðuneytið, 2006, bls. 14). Þetta á ekki við um íþróttir.

Í sérhlutum aðalnámskrár fyrir einstakar greinar eða námssvið er nánar kveðið á um skyldur í sambandi við námsframboð. Um íþróttir – líkams- og heilsurækt segir: „Samkvæmt gildandi viðmiðunarstundaskrá er skylt að veita hverjum nemanda að lágmarki þrjár kennslustundir í íþróttum í hverri viku skólaársins“ (Menntamálaráðuneytið, 2007c, bls. 5). Í námskrárlutanum um heimilisfræði segir: „Heimilisfræði er skyldunámsgrein í grunnskóla en auk þess valnámsgrein í 8.–10. bekk“ (Menntamálaráðuneytið, 2007a, bls. 6). Orðalagið „skyldunámsgrein“ er ekki notað í námskrárluta fyrir hönnun og smíði en vísað til almenns hluta aðalnámskrár þar sem kveðið er á um lágmarkstíma greinarnnar. Auk þess er minnt á að í viðmiðunarstundaskrá fyrir unglíngastig sé „gert ráð fyrir að tímamagn miðist fyrst og fremst við 8. bekk“ (Menntamálaráðuneytið, 2007b, bls. 4). Um listgreinarnar segir:

Í grunnskóla eru myndmennt, textílmenn og tónmennt sjálfstæðar skyldunámsgreinar fyrstu átta skólaárin en valgreinar á 9. og 10. ári. Dans og leikræn tjáning er samþætt öðrum námsgreinum eða kennd á námskeiðum og í valgreinum (Menntamálaráðuneytið, 2007d, bls. 5).

Miðað við ofangreindar skýringar almenna hluta og greinahluta aðalnámskrárinnar fyrir list- og verkgreinar aðrar en íþróttir er eðlilegt að deila vikulegum kennslutíma alls (næst aftasti dálkur í *Töflu 1*) niður á 8 ár til þess að átta sig á lágmarkskennslumagni sem skylt er að veita vikulega að jafnaði á ári í 1.–8. bekk. Nemendur ættu þá að fá 60 mínútur vikulega í heimilisfræði, 40 mínútur í hönnun og smíði og 160 mínútur samtals á viku í listgreininum fimm. Fram kemur í töflunni að lágmarkstímarnir eru þó mismunandi í heimilisfræði eftir því hvort um er að ræða yngsta stig, miðstig eða unglíngastig.

Listgreinarnar dans og leikræn tjáning hafa nokka sérstöðu meðal list- og verkgreina þar sem þær eru ekki skilgreindar sem „sjálfstæðar skyldunámsgreinar“ eins og hinar listgreinarnar þrjár í listgreinahefti aðalnámskrár. Aftur á móti er tekið fram að þær skuli samþættar öðrum námsgreinum eða kenndar á námskeiðum og í valgreinum. Í aðalnámskrá eru þó ákvæði sem ættu að tryggja nemendum nám í þessum greinum.

Um dansinn segir að skólar verði „að tryggja það að allir nemendur geti mætt lokamarkmiðum grunnskóla í dansi og líkamstjáningu“. Tilgreindur er lágmarkstímafjöldi námskeiða í dansi, „átta kennslustundir á vetri á yngsta stigi og miðstigi“ en á unglíngastigi sé dans valgrein. Tekið er fram að kennslan í dansi og líkamstjáningu eigi að vera „í höndum almennra bekkjarkennara og sérgreinakennara, svo sem tónmenntakennara, íþróttakennara, danskennara eða viðurkenndra leiðbeinenda eftir aðstæðum“ (Menntamálaráðuneytið, 2007d, bls. 46). Ráða má af þessu að danskennslan gæti tvínnast saman við íþrótt- og tónmenntarkennslu eða verið liður í almennri bekkjarkennslu ef ekki er sérhæfðum danskennurum til að dreifa. En ljóst er að aðalnámskrá ætlast til þess að kennarar, sem sinna dansinum, kunni á honum góð skil því að meðal lokamarkmiða sem tryggja á að nemendur geti mætt að loknum 7. bekk er að þeir kunni „grunnspor og einfaldar samsetningar grunnspora, þ.e. í hinum tíu viðurkenndu samkvæmisdönsum (keppnisdönsum): „... og geti lagt mat á hinar mismunandi listdanssýningar“ (Menntamálaráðuneytið, 2007d, bls. 48).

Í listgreinahefti aðalnámskrár segir í kaflanum *Leikræn tjáning* að í námskránni felist munurinn á hugtökunum „leikræn tjáning“ og „leiklist“ í því að í hinu fyrrnefnda sé „reynsla þátttakenda meginmarkmiðið“ en í leiklist sé „stefnt markvisst að sýningu fyrir áhorfendur“ (Menntamálaráðuneytið, 2007d, bls. 39). Leikræn tjáning er sögð þverfagleg grein og gefin eru dæmi um hvernig beita megi aðferðum hennar við kennslu annarra námsgreina

grunnskólans. Innkoman í skólastarfið getur verið með þrennum hætti: Kennsluaðferð sem almennir kennarar beita, leiklist sem sjálfstæð námsgrein í umsjá sérmenntaðra kennara eða í þriðja lagi leikræn tjáning kennd á eigin forsendum eða í tengslum við aðrar listgreinar í listasmiðjum. Í síðasta liðnum er reiknað með sérmenntuðum kennurum. Síðan segir:

Allir grunnskólanemendur eiga að fá tækifæri til að vinna með aðferðir leikrænnar tjáningar í almennu skólastarfi, bæði í verkefnum sem byggjast á námsefni og eins verkefnum sem hafa það markmið að byggja upp sjálfsmýnd nemenda og þjálfá þá í lífsleikni. Allir nemendur á yngsta stigi og miðstigi fá þjálfun í leikrænni tjáningu og skólar geta boðið upp á leiklist sem námsgrein í vali á unglingsstigi (Menntamálaráðuneytið, 2007d, bls. 41).

Umfang list- og verkgreina í reynd

Í könnun Menntasviðs Reykjavíkur (2009) á listgreinakennslu í grunnskólum borgarinnar haustið 2008 kom fram að í öllum skólunum 36 sem kannaðir voru var kennd myndmennt og textílmenn, tónmennt í 33 þeirra, dans í 25 og leikræn tjáning í 23. Ljóst er af töflu sem sýnir hve margir skólar kenndu hverja grein í hverjum árgangi fyrir sig að mismunur er mikill á milli greina. Innan við helmingur skólanna kenndi tónmennt í þremur elstu bekkjunum og textílmenn í tveimur elstu. Minnst var kennslan í dansi og leikrænni tjáningu, innan við helmingur skólanna kenndi dans í 5.–10. bekk og það átti við um alla árganga í leikrænni tjáningu.

Takmörkuð þekking á möguleikum leikrænnar tjáningar ásamt kunnáttuskorti kennara á því sviði var sögð ein helsta hindrunin í því að framfylgja aðalnámskrá samkvæmt rannsókn Kristínar Á. Ólafsdóttur (2007). Í könnun meðal skólastjóra grunnskóla (Rannveig Þorkelsdóttir, 2009) sagði rúmlega helmingur skólastjóra að kennarar skólans notuðu leiklist sem kennsluaðferð á yngsta stigi og miðstigi. Ekki kom fram hvort allir bekkir á þessum aldurstigum fengju þessa námsnálgun. Um 15% skólastjóranna sögðust hafa sérstakan kennara sem kenndi leiklist sem listgrein á yngsta, mið- og unglingsstigi. Tvær nýlegar rannsóknir á tónmenntarkennslu gefa vísbendingar um umfang þeirrar greinar. Tímamagn til kennslu var mismikið hjá þeim níu tónmenntarkennurum sem voru þátttakendur í rannsókn Kristínar Valsdóttur (2006). Rúmlega 80% grunnskóla landsins buðu kennslu í tónmennt og hafði hlutfallið aukist um 20% á tveimur áratugum samkvæmt athugun Helgu Rutar Guðmundsdóttur (2008). Tónmenntarkennslan var algengust í yngstu árgöngunum en dró úr henni frá og með 5. bekk. Sambærilegar niðurstöður fengust í könnun Menntamálaráðuneytisins 2003, rúmlega 80% grunnskóla kenndu tónmennt, í um það bil eina kennslustund á viku að jafnaði en yngri bekkir grunnskólans fengu fleiri kennslustundir en þeir eldri (Menntamálaráðuneytið, 2003).

Anne Bamford (2011) segir í skýrslu um úttekt á list- og menningarfræðslu á Íslandi á árunum 2008 – 2009: „Í nær öllum grunnskólum starfa sérmenntaðir myndmennta-, textíl- og smíðakennarar. [...] Sérmenntaður tónmenntakennari er í meirihluta skóla og dans og leiklist kennd á stöku stað“ (bls. 43). Fram kom að margir þeirra sem kenna list- og verkgreinar hafi umtalsverða reynslu sem t.d. smíðir eða starfandi listamenn. Sagt er að margir skólar hafi brugðist við skorti á tónlistar- og danskennurum með því að fá aðila utan skólanna til þess að sinna nemendum á þeim sviðum. Það geta meðal annars verið tónlistarskólakennarar sem kenni þá helst yngri bekkjum fremur en að bæta úr tónmenntarskorti eldri nemenda.

Viðmið aðalnámskrár grunnskóla um tímamagn í list- og verkgreinum eru allskýr. Umfang þeirra í skólunum hefur verið kannað lítilllega eins og að ofan greinir. Áhugi var á að kanna enn frekar hvernig grunnskólar uppfylla þessi viðmið í reynd með hliðsjón af sérhæfðum kennurum.

Markmið aðalnámskrár

Rök aðalnámskrár fyrir því að kenna listgreinarnar fimm eru margvísleg. Efling sköpunargáfu, persónulegs tjáningarmáta og alhliða þroska eru þar á meðal og einnig þjálfun í þátttöku í menningu. Auk þess eru listirnar sagðar vera „kveikja hugmynda og nýsköpunar í efnahagslífi og samfélagi manna“ (Menntamálaráðuneytið, 2007d, bls. 7). Röksemdafræslan í aðalnámskrá fyrir verkgreinunum þremur, sem hér eru til umfjöllunar, er meðal annars að þær stuðli að heilsusamlegum lífsstíl, neytendavitund og verndun umhverfis. Með þeim megi styrkja sjálfsmynd og líðan nemenda og efla þá til að hafa mótandi áhrif (Menntamálaráðuneytið, 2007a; *Aðalnámskrá grunnskóla: Íþróttir, líkams- og heilsurækt*, 2007; Menntamálaráðuneytið, 2007b).

Ekki er rúm hér til þess að tíunda þau fjölbreyttu markmið sem nemendur eiga að ná með námi sínu í greinunum átta sem rannsóknin kannar. En svo að lesendur fái nokkra innsýn í fjölbreytni þeirra og umfang verða gefin dæmi um markmið tveggja greina við lok 7. bekkjar. Greinarnar eru listgreinin myndmennt og verkgreinin hönnun og smíði.

Markmiðum myndmenntar er skipt niður í þættina 1) lögmál og aðferðir, 2) sögulegt og félagslegt samhengi og 3) fagurfræði og rýni. Í hverjum þessara þátta eru tvö knippi færniþátta sem nemendur eiga að ná tökum á: Sköpun/túlkun/tjáning og skynjun/greining/mat. Þessi yfirskrift færniknippanna er eins í dansi, leikrænni tjáningu og textílmennt en tónmenntin flokkar markmiðin niður á annan hátt. Í myndmennt eiga nemendur við lok sjöunda bekkjar meðal annars að geta á sviði sköpunar, túlkunar og tjáningar nýtt grunnþætti myndlistar og „mismunandi efni, verkfæri og miðla í eigin sköpun“ og „teiknað eða mótað raunsæismyndir eftir fyrirmyndum“. Þeir eiga einnig í eigin sköpun að geta nýtt sér „ímyndir eða stílbrigði úr mynddæmum af verkum ákveðinna listamanna“ og tjáð „skoðanir eða tilfinningar á fagurfræðilegan hátt“. Undir færniþættina skynjun, greiningu og mat flokkast til dæmis markmið eins og að geta „greint, borið saman og metið lögmál og aðferðir í völdum listaverkum“. Nemendur eiga að þekkja „Íslenska sjónlistahefð“ og „nokkrar stefnur vestrænnar myndlistar“. Börnin þurfa að geta „greint og borið saman stíl og tímabil tiltekinna verka og tengt því menningarlega samhengi sem þau voru sköpuð í“ og þau þurfa að kunna nokkur skil á íslenskri lista- og byggingarsögu til að geta tengt við hana „myndmál nánasta manngerðs umhverfis“. Þá eiga nemendur að geta metið eigin verk og annarra með rökstuddum hætti og þeir skulu „kunna skil á margvíslegum tilgangi listar“ (Menntamálaráðuneytið, 2007d, bls. 13–14).

Markmið í hönnun og smíði eru fjölmörg við lok sjöunda bekkjar og skiptast í eftirfarandi þætti:

- Handverk og verkstæði
- Hönnun og nýsköpun
- Tæknigrunnur
- Umhverfi
- Vinnuferlið
- Einstaklingur, verkmenning, vinnuvernd
- Einstaklingsmiðað nám

Undir fyrsta þættinum eru skilgreind 25 markmið sem snúast um handverksþekkingu og -færni sem meðal annars felur í sér þekkingu á verkfærum, tækjum og vélum, kunnáttu í notkun þeirra og getu til að velja það sem best hentar viðfangsefnum. Þá eiga nemendur að hafa kynnst margvíslegum efnum svo sem viðartegundum, málmum, plastefnum, yfirborðsefnum og hreinsiefnum. Auk þess eiga þeir að hafa lært að ganga vel um vinnusvæði. Þátturinn *hönnun og nýsköpun* geymir 13 skilgreind markmið, meðal annars að nemendur geti rissað upp útlitsmyndir, smíðað eftir teikningu og skreytt „viðfangsefni sín á

persónulegan hátt“. Nýsköpunin felur til dæmis í sér að nemendur leiti að „þörfum og vandamálum í umhverfi sínu“ og reyni að finna lausnir á þeim. Tólf markmið eru tilgreind í þættinum *tækni grunnur*. Þau flokkast undir eftirtaldar fyrirsagnir: Orka, virkni, tæknivitund og samsetningar og festingar. Markmið þáttarins *umhverfi* eru 10 talsins og greinast í þrjú flokka, skógarnytjar, sjálfbæra þróun og endurnýtingu. Meðal markmiða er að nemendur öðlist skilning á mikilvægi þess að fara vel með efni og „þess að viðhalda góðu ástandi hluta“. Einnig eru markmið um þýðingu endurnýtingar og þess að umgengni sé vistvæn. Þrjú markmið um getu nemenda til að vinna að smíðaverkefni, reikna út efnisnotkun og gera verkáætlun flokkast undir *vinnuferlið*. Þátturinn *einstaklingur*, *verkmennning* og *vinnuvernd* hefur átta markmið sem til dæmis lúta að ábyrgð við nýtingu tækni og hráefna, sjálfstrausti og þolinmæði til að takast á við verkefni og koma hugmyndum sínum í framkvæmd auk skilnings á tengslum námsins við atvinnulíf. Að lokum eru fjögur markmið skilgreind undir þættinum *einstaklingsmiðað nám* þar sem unnið skal að þeim skilningi nemenda að það skipti máli að „þjálf þá getu sem maður býr yfir“, að mikilvægt sé að „nýta hæfileika sína á jákvæðan hátt“ og að „einstaklingar hafa mismunandi hæfileika“ (Menntamálaráðuneytið, 2007b, bls. 13–17). Alls eru þetta 75 skilgreind markmið sem fela í sér þekkingu, færni, sköpun, dómgreind og viðhorf.

Af ofanefndum dæmum má sjá að markmið aðalnámskrár í list- og verkgreinum ná yfir vítt svið. Áhugi var á að kanna hvernig list- og verkgreinakennarar nýta sér aðalnámskrána þegar þeir undirbúa kennslu, bæði í samanburði við aðra kennara og með hliðsjón af starfsaldri.

Skólanámskrár

Í lögum um grunnskóla frá 1995 (*Lög um grunnskóla* nr. 66/1995, 31. gr.) var kveðið á um að árlega skuli í hverjum skóla gefa út skólanámskrá sem unnin sé af kennurum skólans og skólastjóri sé ábyrgur fyrir gerð hennar. Námskrá þessi skal vera „nánari útfærsla á aðalnámskrá og tekur mið af sérstöðu skólans og aðstæðum“. Í skólanámskrá á meðal annars að gera grein fyrir kennsluskipan, markmiðum og inntaki náms. Skólanámskrá á samkvæmt lögnum að leggja „fyrir skólanefnd og foreldraráð til umsagnar“. Í lögum frá 2008 (*Lög um grunnskóla* nr. 91/2008, 29.gr.) segir að skólastjóri sé ábyrgur fyrir gerð skólanámskrár og skuli semja hana í samráði við kennara.

Í almennum hluta aðalnámskrár frá 2006 segir að sömu kröfur skuli gera til gerðar skólanámskrár og aðalnámskrár í þeim efnum að „námsmarkmið séu sett fram á skýran hátt þannig að hvorki kennarar, nemendur né foreldrar velkist í vafa um hvaða kröfur eru gerðar til nemenda og skóla“. Skólar eiga í skólanámskrá að lýsa því hvernig þeir útfæra „ýmis almenn og fagbundin markmið aðalnámskrár“ (Menntamálaráðuneytið, 2006, bls. 12).

Áhugavert þótti að kanna einnig hvernig list- og verkgreinakennarar nýttu sér skólanámskrá þegar þeir undirbúa kennslu í samanburði við aðra kennara og ekki síst hvort munur væri á nýtingu aðalnámskrár og skólanámskrár.

Opinberar námskrár og veruleiki skólanna

Eisner (2002) heldur því fram að það hljóti alltaf að vera munur á áformum námskrárhöfundanna og raunverulegri kennslu. Fjarlægð höfundanna sé of mikil frá veruleika kennslustofunnar og einstakra nemenda. Kennarinn þekki aðstæður og sé í stöðu til þess að laga efni og vinnubrögð að þeim og þörfum nemenda. Getan til þess að gera það á árangursríkan hátt sé einmitt einkenni fagmennsku. Þetta eigi ekki síst við um listgreinakennslu þar sem hvatning kennara til spuna og persónulegrar túlkunar nemenda sé kjarnaatriði. Virkni í listgreinakennslu falli því ekki alltaf að því fyrirsjáanlega sem markmiðabundnar námskrár vilji fela í sér.

Þriggja þrepa námskrárlíkan van den Akker (2003) innifelur (1) hina áformuðu (e. *intended*), (2) hina virku (e. *implemented*) og (3) hina áunnu (e. *attained*) námskrá. Opinber námskrá eins og aðalnámskrá fellur undir fyrsta þrepið en þar eru sett fram grundvallarsýn og áform. Virka námskráin tekur til raunverulegrar kennslu í skólastofunni sem byggist fyrst og fremst á túlkun og útfærslu kennarans á áformuðu námskránni. Áunna námskráin túlkar námsreynslu nemenda og þann ávinning sem þeir hafa af náminu.

Munur á milli áformaðrar námskrár og virkrar sýndi sig í íslenskri rannsókn þar sem námsgreinarnar íslenska og náttúrufræði voru skoðaðar. Vísbendingar komu fram um að samræmd próf settu mark á virka námskrá í kennslugreinunum tveimur en fleira kæmi til: „Þeir efnisþættir námskráanna sem mestan svip setja á virku námskrána eru þeir sem er auðveldast að kenna og gera minnstar kröfur til kennslufræðilegrar fagþekkingar kennara“ (Rúnar Sigþórsson, 2008, bls. 282).

Margvíslegir þættir búa að baki þegar kennarar taka ákvarðanir um námsefni og fyrirkomulag kennslu, eins og Meyvant Þórólfsson o.fl., (2007) tilgreina í rannsókn á sýn og fagmennsku grunnskólakennara sem kenndu náttúruvísindi. Auk „ytri leiðarljósa“ svo sem námskrár sé meðal annars um að ræða mat á félagslegum þroska nemenda og tillit til tilfinningalegra þátta. Í rannsókn þremmenninganna var höfð til hliðsjónar eftirfarandi greining á þrenns konar fagmennsku:

Ósjálfstæða fagmanneskjan tekur fyrst og fremst mið af þeim markmiðum og inntaki sem á að kenna. Sjálfstæða fagmanneskjan metur aðstæður og hagar aðferðum og skipulagi eftir því, en samvirka fagmanneskjan hugsar um skólastarfið í víðara samhengi, hyggur að samábyrgð sinni með öðrum í heildarskipulagi (Meyvant Þórólfsson, Allyson Macdonald og Eggert Lárusson, 2007, bls. 87–88).

Innan við helmingur kennara í níu bandarískum skólum hafði unnið í samræmi við nýlega námskrá í tungumála- og stærðfræðikennslu samkvæmt niðurstöðum Ruebling, Stow, Kayona og Clarke (2004). Rannsakendur töldu að helsta ástæða þessa væri skortur á markvissum vinnubrögðum, samstarfi og þjálfun sem skólastjórnendur þyrftu að tryggja að væri fyrir hendi. Lítið sem ekkert hefði verið gert til að fylgja innleiðingu námskrár eftir eða fylgjast með framkvæmd og meta árangur.

Tilfinnanlegur skortur er á upplýsingum um hvernig íslenskir list- og verkgreinakennarar starfa miðað við námskrár. Örfáar rannsóknir eru þó til og gefa vísbendingar. List- og verkgreinakennarar þróuðu eigin námskrá en kenndu ekki einungis eftir þeirri opinberu er ein af niðurstöðum rannsóknar Guðrúnar Helgadóttur (1989). Tónmenntarkennararnir í rannsókn Kristínar Valsdóttur (2006) kunnu vel að meta sveigjanleikann sem þeir sögðu „leiðbeinandi námskrá í tónmennt“ innibera enda kom í ljós að kennslunálgun þeirra og aðferðir voru mismunandi (bls. 52). Á hinn bóginn kom fram það sjónarmið að veikleiki gæti falist í því að hafa ekki samræmingu, eftirlit og jafnvel sameiginlegt matskerfi. Sjálfstæði tónmenntarkennara og sú niðurstaða, að þeir fari eigin leiðir í kennslunni, kemur einnig fram í óbirtri grein Helgu Rutar Guðmundsdóttur (e.d.) þar sem sagt er frá viðtalsrannsókn sem gerð var skólaárið 2007–2008. Talað var við 12 tónmenntarkennara sem voru valdir með slembiaðferð og var meðalstarfsaldur þeirra rúm 15 ár.

Hér á landi birtist hin opinbera stefna í aðalnámskrá sem allir grunnskólar eiga að starfa eftir, þar með talið að útfæra í skólanámskrá hvernig unnið skuli að markmiðum hennar. Til þess að fá einhverja mynd af samræmi á milli þeirrar stefnumörkunar sem birtist í aðalnámskrá og framkvæmdar í skólum þarf bæði að kanna hvort námsgreinar aðalnámskrár séu kenndar og hvort unnið sé að þeim markmiðum sem hún setur.

Aðferð

Rannsóknarhópurinn um list- og verkgreinar tengdist rannsókninni *Starfshættir í grunn-skólum* þegar undirbúningsvinnu var lokið og gagnaöflun um það bil að hefjast. Þá lá fyrir úrtak 20 grunnskóla í fjórum sveitarfélögum. Þrír skólanna voru valdir eftir hentugleikum vegna þess að til þeirra var stofnað með ákveðið þróunarstarf í huga. Hinir skólarnir sautján voru valdir með slembiaðferð. Skólarnir eru bæði í þéttbýli og dreifbýli og mjög misjafnir að stærð. Blönduðum aðferðum er beitt við rannsóknina.

Í þessari grein eru kynntar niðurstöður úr spurningakönnun sem lögð var rafrænt fyrir um 850 starfsmenn skólanna í fjórum hlutum skólaárið 2009–2010. Unnið var úr spurningum sem meðal annars vörðuðu starfsaldur, kennslu í list- og verkgreinum og notkun kennara á aðal- og skólanámskrám. Svarhlutfall var 80–92%. Marktektarpróf voru unnin í tölfraeðiforritinu SPSS. Einnig var unnið efni um nýtingu námskráa úr sjö hópviðtölum við list- og verkgreinakennara sem tekin voru á árunum 2010 og 2011. Í hverjum hópi voru þrjú til sex list- og verkgreinakennarar og tveir til þrjú rannsakendur. Viðtölin voru hljóðrituð og tölvuskráð að þeim loknum.

Niðurstöður

Í einum af fjórum spurningalistum, sem lagðir voru fyrir starfsmenn í skólunum tuttugu, voru allnokkrar spurningar sem fjölluðu sérstaklega um list- og verkgreinar. Spurt var hvort viðkomandi væri að kenna þetta skólaár og hvort hann kenndi einhverja af eftirtöldum greinum: Dans, heimilisfræði, íþróttir, leiklist/leikræna tjáningu, myndmennt, smíði/hönnun, textílmennt eða tónmennt. Svarmöguleikar voru nei; já í einum árgangi; já, í tveimur árgöngum eða fleiri. Svarhlutfall við þeim spurningum sem hér um ræðir var 87%. List- og verkgreinakennarar gætu hafa verið í þeim hópi sem ekki svaraði þessum lista eða sleppti viðkomandi spurningu. Kennarnir, sem sögðust kenna einhverja þessara greina í tveimur árgöngum eða fleiri, reyndust vera 150 en 37 kváðust kenna þær í einum árgangi. Ekki var spurt hvort þeir síðarnefndu kenndu list- eða verkgrein einungis í sínum umsjónarþekki eða fleiri þekkjum í viðkomandi árgangi.


Í þessari grein verður litið svo á að þeir sem kenndu list- eða verkgrein í fleiri en einum árgangi væru sérhæfðir sem slíkir í sínum skóla. Sjónum verður sérstaklega beint að þessum hópi og þeir skilgreindir hér sem list- og verkgreinakennarar.

Fjöldi list- og verkgreinakennara – umfang list- og verkgreina

List- og verkgreinakennarar í skólunum tuttugu voru beðnir að merkja við þær greinanna sem þeir kenndu. Niðurstaða svaranna birtist á *Mynd 1*.

Eins og fram kemur á *Mynd 1* voru íþróttakennarar langfjölmennastir, 42 talsins. Væri þeim jafnað niður á skólana tuttugu hefði hver skóli tvo íþróttakennara og rétt ríflega það. Auk íþróttanna voru þrjár greinar sem hafa fleiri kennara en sem nemur fjölda skólanna: Heimilisfræði (28), myndmennt (27) og textílmennt (26). Við fyrstu sýn mætti álykta að allir skólarnir hefðu sérhæfða kennara í þeim greinum. Svo virtist þó ekki vera. Við nánari greiningu svaranna kom í ljós að einungis íþróttirnar hafa kennara sem kenna greinina í tveimur árgöngum eða fleiri í öllum skólunum tuttugu. Í hinum greinunum þremur reyndust vera fleiri en einn sérhæfður kennari í nokkrum skólanna. Í ljós kom að 18 skólar höfðu sérhæfða heimilisfræðikennara og sami fjöldi skóla textílkennara. Myndmenntarkennarar með sérhæfingu voru í 16 skólanna, smíða- og hönnunarkennarar í 16, tónmenntarkennarar í 12 þeirra, í 9 skólum voru sérhæfðir kennarar í leiklist eða leikrænni tjáningu og í 4 skólanna voru kennarar sem kenndu dans í fleiri en einum árgangi.

Flestir list- og verkgreinakennararnir tilgreindu aðeins eina greinanna sem sína kennslugrein. Þó merktu 15% þeirra við fleiri greinar svo sem myndmennt og textílmennt, leiklist



Mynd 1 – Fjöldi kennara sem kenna viðkomandi greinar í tveimur eða fleiri árgöngum í 20 grunnskólum.

og tónmennt eða íþróttir og dans. Í einhverjum tilfellum kenndi einn og sami kennarinn þrjár greinar, til dæmis leiklist, smíði og hönnun og tónmennt eða heimilisfræði, íþróttir og textílmennt. Tveir kennarar merktu við fjórar greinanna sem sínar kennslugreinar og einn kenndi fimm þeirra, heimilisfræði, myndmennt, textílmennt, tónmennt og leiklist eða leikræna tjáningu.

Starfsaldur

Til að fá fram nánari upplýsingar um hóp list- og verkgreinakennara voru borin saman svör list- og verkgreinakennara, þ.e. kennaranna sem kenndu greinarnar í tveimur eða fleiri árgöngum, og annarra kennara við spurningum um aldur og starfsaldur. Fram kom munur á starfsaldri í viðkomandi skóla milli þessara hópa. Að jafnaði höfðu list- og verkgreinakennarar kennt við skólann í 11 ár en aðrir kennarar í 9 ár ($t=2,779$, $df=417$, $P=0,05$). Þegar rýnt var í svörin kom í ljós að mestur var munurinn á milli þessara kennarahópa þegar skoðuð voru hlutföll þeirra sem kennt höfðu við skólann lengur en 10 ár. Það hafði ríflega þriðjungur list- og verkgreinakennaranna gert (37%) en aðeins rúmur fjórðungur annarra kennara (27%). Ekki kom fram munur á lífaldri eða heildarstarfsaldri á grunnskólastigi hjá þessum tveimur hópum.


Notkun aðalnámskrár

Í einum af fjórum spurningalistunum til starfsmanna skólanna voru þeir sem störfuðu við kennslu viðkomandi skólaár beðnir að svara ýmsu um kennsluhætti. Meðal annars voru kennarar spurðir hvort þeir styddust mikið eða lítið við Aðalnámskrá grunnskóla við undirbúning kennslu sinnar

- að hausti þegar vetrarstarfið er undirbúið
- við undirbúning hvernar annar

Sex valkostir voru gefnir um svör við ofangreindum spurningum: Að öllu, miklu, töluverðu, nokkru, litlu eða engu leyti.

Munur kom fram á svörum list- og verkgreinakennara og hinna kennaranna við spurningunum um stuðning af aðalnámskrá að hausti við undirbúning vetrarstarfs og við undirbúning hvernar annar. Hlutfallslega færri list- og verkgreinakennarar sögðust styðjast að öllu eða miklu leyti við aðalnámskrána við undirbúning kennslu að hausti, eða 59% þeirra á




Mynd 2 – Að hvaða marki kennarar segjast styðjast við aðalnámskrá að hausti þegar vetrarstarfið er undirbúið.

móti 76% annarra kennara ($\chi^2(5, N=453)=18,990, p=0,002$) samanber *Mynd 2*. Eins og fram kemur á *Mynd 3* sagðist innan við helmingur list- og verkgreinakennaranna styðjast að öllu eða miklu leyti við aðalnámskrá við undirbúning hvernar annar eða 46% en 63% hinna kennaranna ($\chi^2(5, N=410)=14,919, p=0,011$).

Ekki reyndust vera tengsl á milli starfsaldurs list- og verkgreinakennara og þess að hvaða marki þeir studdust við aðalnámskrá.

Nokkur innsýn fékkst í notkun list- og verkgreinakennara á aðalnámskrá og viðhorf þeirra til hennar í hópviðtölum. Algengast var að textílkennari væri í hópunum, smíða- og myndmenntarkennari var í þeim flestum og í sumum voru heimlisfræði-, íþrótt- og tónmenntarkennarar. Nánast allir kennararnir sögðust nýta aðalnámskrána þótt einn svaraði að



Mynd 3 – Að hvaða marki kennarar segjast styðjast við aðalnámskrá við undirbúning hvernar annar.

bragði „nei“ þegar spurt var hvort þeir nýttu hana og þætti stuðningur að henni. Fram kom að hún væri notuð til hliðsjónar, ekki síst á haustin þegar verkefni vetrarins væru skipulögð, þá „fletti ég alltaf námskránni til þess að minna mig á,“ sagði einn kennarinn. Annar kennari hafði á orði að námskrá fyrir hans grein hefði verið erfið lesning og illmögulegt að vita „hvað snéri upp eða niður, þetta var svo háfleygt mál“. Nú væri þó búið að einfalda hana svo „hún er mjög læsileg og auðvelt að [...] átta sig á því [...] hver eru markmiðin“.

List- og verkgreinakennararnir fara yfir markmið aðalnámskrár og reyna að gæta að fjölbreytni en fram kom hjá mörgum þeirra að það væri „engin leið að taka allt inn, því tímarnir eru svo fáir“ eins og einn orðaði það. „Það væri náttúrulega óðs manns æði að ætla að fylgja henni algjörlega í þaula, það er ekki hægt,“ hnykkti annar á. Kennararnir velja og hafna út frá því sem þeir telja að gagnist nemendum best eða veiti þeim mesta ánægju, „fleyta rjómann ofan af,“ eins og einhver orðaði það. Bæði voru markmiðin sögð „indæll“ og „misgagnleg“. Ljóst var að val kennaranna byggist einnig á mati þeirra á því hvað raunhæft sé miðað við tímann sem nemendum er ætlaður í greinarnar. Því lýsti tónmenntakennari á eftirfarandi hátt eftir að hafa sagst vita nokkurn veginn hvað aðalnámskráin innihéldi:

Ég veit að ég er svona að dekkja [...] þokkalegan fjölda markmiða [...] og sum markmið bara hef ég meðvitað látið eiga sig [...] Þegar þú ert með [...] börn [...], segjum klukkutíma á viku einn vetur, þá græða þau voða lítið á því að vera að læra nótnalestur [...] Ég kenni frekar að þau geti tekið upp verkin sín, skrásett þau þannig [...] Ég vil að þau læri að skrásetja einhvern veginn verkin sín og nótnalestur er ein leið til þess, en ég kenni þeim aðra [leið] sem er ekki tiltekin í aðalnámskrá.

Í viðtali í einum skólanum ræddu list- og verkgreinakennararnir mikið um bóklega og verklega hlið námsins. Jafnt kennarar verkgreina og listgreina sögðust leggja meiri áherslu á markmið aðalnámskrár sem fælu í sér verklega þætti en það sem þeir skilgreindu sem bóklegt nám. Heimilisfræðikennari sagðist vissulega hafa aðalnámskrá til hliðsjónar en:

Ég hef verið svolítið föst á því að hafa lítið bóklegt, þetta er verkleg grein og mér finnst krakkar [...] vera svolítið orðnir þreyttir á þessu mikla bóklega námi og ég vil hafa sem mest verklegt og þá bara munnlega kennslu eins og um orkuefni.

Myndmenntarkennari tilgreindi þætti aðalnámskrár sem helst vantaði hjá sér: „Það er kannski listasaga [...] já og þessi tjáning sem að mér finnst ég [...] þyrfti að [...] bæta við.“ Svo virtist sem það væri annars vegar sú skoðun kennaranna að nemendur þyrftu „að þjálfast í vinnubrögðum“ greinanna og hins vegar óþol nemendanna gagnvart fræðslu af bókum eða jafnvel frásögnum kennaranna, sem réði áherslum í kennslunni. Þetta birtist á eftirfarandi hátt hjá tveimur kennurum:

[...] og það er bara um leið og það er [...] einhver bók eða einhver pappír sem að þau þurfa að taka með sér þegar þau koma inn í þessa tíma, þau eru í rosa legum mótþróa við það. Þau vita að þau eru að koma í verklega grein og langar ekkert að sjá neitt blað.


Og maður er kannski kominn inn [...] búinn að hugsa ýmislegt og mann langar að segja þeim svo mikið og fræða þau [...] en þau hafa bara takmarkað [...]

Í tveimur skólanna tjáðu einhverjir kennaranna sig um það að þeir hefðu þekkt betur eldri námskrá en þá sem í gildi var þegar viðtölin voru tekin. „Ég er ekki búin að kynna mér samt nýjustu breytingarnar en þessi gamla námskrá þarna frá '99 var æðisleg,“ sagði


einn þeirra. Hann lýsti þeirri von að hvorki námskráin né kennaranámið yrði einfaldað eða kröfur minnkaðar. Annar sagðist vera betur að sér í gömlu aðalnámskránni því að hún hafi verið í gildi þegar hann byrjaði að kenna. Þá hafi markmiðin verið skoðuð rækilega og „þetta var unnið alveg ofboðslega vel út frá henni“.

Nýting skólanámskrár

Kennarar svöruðu sams konar spurningum um notkun skólanámskrár og þeir höfðu gert um aðalnámskrá, þ.e. að hve miklu leyti þeir stýddust við hana í undirbúningi mismunandi námstímabíla, sjá *Myndir 4 og 5*. Aftur kom í ljós munur á milli list- og verkgreinakennara og annarra kennara í svörum þeirra um undirbúning vetrarstarfs að hausti. Eins og átti við



Mynd 4 – Að hvaða marki kennarar segjast stýðjast við skólanámskrá að hausti þegar vetrarstarfið er undirbúið.



Mynd 5 — Að hvaða marki kennarar segjast stýðjast við skólanámskrá við undirbúning hvernna annar.

um aðalnámskrá var hlutfall þeirra sem sögðust styðjast þá að öllu eða miklu leyti við skólanámskrá lægra meðal list- og verkgreinakennara, eða 73% svarenda, en meðal hinna kennaranna þar sem það var 81% ($\chi^2(5, N=445)=21,375, p=0,001$). Bilið á milli hópanna var þó mun minna gagnvart skólanámskrá en aðalnámskrá. Munurinn var álíka mikill í svörum um stuðning af skólanámskrá í byrjun hvernar annar, 67% list- og verkgreinakennara sögðust þá styðjast við hana að öllu eða miklu leyti en 75% í hinum kennarahópnum ($\chi^2(5, N=406)=11,132, p=0,049$).

List- og verkgreinakennarar styðjast meira við skólanámskrá en aðalnámskrá að hausti við undirbúning vetrarstarfsins og einnig við undirbúning hvernar annar, sbr. *Myndir 2 til 5*. Innan við 60% list- og verkgreinakennara sögðust styðjast að öllu eða miklu leyti við aðalnámskrá við undirbúning vetrarstarfsins en 73% þeirra við skólanámskrá og er munurinn marktækur. Þetta átti aftur á móti ekki við um aðra kennara. Sambærileg hlutföll í hópi þeirra voru 76% og 81% en sá munur reyndist ekki marktækur. Við undirbúning hvernar annar kom einnig fram marktækur munur á nýtingu aðal- og skólanámskrár í hópi list- og verkgreinakennara, 46% þeirra studdust að öllu eða miklu leyti við aðalnámskrá en 67% við skólanámskrá. Þetta átti líka við um aðra kennara en í hópi þeirra voru sambærileg hlutföll 63% og 75%.

Í hópviðtölum við list- og verkgreinakennara kom skólanámskrá lítið við sögu enda mun minna spurt um hana en aðalnámskrá. Þó segir eftirfarandi svar eins kennarans talsvert. Spurt var: „Takið þið mið af aðalnámskrá grunnskóla og skólanámskrá?“ „Við vinnum auðvitað eftir skólanámskrá,“ svaraði kennari og allir hinir tóku undir. Í öðrum skóla lagði einn kennaranna þetta inn í umræðuna um námskrár: „Ég gerði mína námskrá sjálf, skólanámskrána, og þá hafði ég [...] aðalnámskrá til hliðsjónar.“ Hún skýrði nánar útfærslu sína með því að bæta við: „Ég hef svolítið verið að tengja námskrána við aðrar greinar eins og stærðfræði, landafræði [...] og náttúrufræði.“

Samantekt og umræða

Með þessari rannsókn hafa verið dregnar fyrstu línur í yfirlitsmynd af starfsháttum í list- og verkgreinum í íslenskum skólum.

Viðmiðum um umfang ekki að fullu mætt

Spurt er í þessari rannsókn hvernig viðmið aðalnámskrár grunnskóla um umfang list- og verkgreina sé uppfyllt í skólunum með hliðsjón af sérhæfðum kennurum. Svárið er að þessum viðmiðum virtist ekki að fullu mætti í skólunum. Af niðurstöðum má áætla að list- og verkgreinar fái ekki allar lágmarkstímann sem þeim er ætlaður í viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár í öllum þátttökuskólunum (Menntamálaráðuneytið, 2006). Aðeins ein þeirra, íþróttir – líkams- og heilsurækt, hafði á að skipa sérhæfðum kennurum, þ.e. þeim sem kenna greinina í fleiri en einum árgangi, í öllum skólunum. Gera verður þann fyrirvara á þessum niðurstöðum að einhverjir list- og verkgreinakennarar hafi ekki svarað könnuninni. En í ljósi þess háa svarhlutfalls sem fékkst (87% við viðkomandi spurningum) má álykta að sérhæfðir list- og verkgreinakennarar hafi ekki kennt allar greinarnar í öllum skólunum þegar rannsóknin var gerð. Engir sérhæfðir heimilisfræði- og textilkennarar svöruðu í tveimur skólum og ekki voru svör frá myndmenntar- og smíðakennurum í fjórum þeirra. Frá átta skólanna bærust ekki svör frá sérhæfðum tónmenntarkennurum. Úr námskrárheftum þessara greina ásamt viðmiðunarstundaskrá má lesa að þær eiga að vera skyldunámsgreinar fyrstu átta bekkina og íþróttir reyndar alla skólagönguna. Innan við helmingur skólanna virtist hafa sérhæfða kennara í leikrænni tjáningu/leiklist (9 skólar) og tæpur fjórðungur í dansi (4 skólar).

Niðurstöðurnar um fæsta sérhæfða kennara í leikrænni tjáningu og dansi ríma við könnun í grunnskólum Reykjavíkur (Menntasvið Reykjavíkur, 2009) sem sýndi að þessar tvær

greinar voru minnst kenndar af listgreinunum fimm sem aðalnámskrá tekur til og það sama sýndi sig í rannsókn Bamford (2011). Spyrja má hvort ástæða þessa sé sú að þessar tvær greinar komu ekki inn í lög eða aðalnámskrá fyrr en á síðasta fjórðungi liðinnar aldar, mun síðar en hinar list- og verkgreinarnar sem hér er fjallað um. Orsakanna er þó líklega fremur að leita í sérstöðu þeirra í aðalnámskránni. Dans og leikræn tjáning eru ekki skilgreindar sem skyldunámsgreinar heldur skal samþætta þær öðrum námsgreinum eða kenna á námskeiðum, í listasmiðjum og sem valgreinar. Þótt skýr ákvæði, sem ættu að tryggja nemendum nám í þessum greinum, sérstaklega á yngsta og miðstigi, séu í *Aðalnámskrá grunnskóla: Listgreinar* (Menntamálaráðuneytið, 1999, 2007d 2007) dugir það greinilega ekki til.

Tónmennt hafði fæsta sérhæfða kennara af þeim sex list- og verkgreinum sem aðalnámskrá skilgreinir sem skyldunámsgreinar og þessi rannsókn tekur til. Samkvæmt svörum kennara voru sérhæfðir tónmenntarkennarar í 60% skólanna tuttugu, þá virtist vanta í átta skóla. Þetta er lægra hlutfall en fram kom í rannsókn Helgu Rutar Guðmundsdóttur (2008) og í könnun Menntamálaráðuneytisins (Menntamálaráðuneytið, 2003) sem leiddu í ljós að tónmennt væri kennd í rúmum 80% grunnskóla landsins. Könnun á vegum Menntasviðs Reykjavíkur (2009) sýndi að tónmennt var kennd í færri skólum en myndmennt og textílmennt og Bamford (2011) sagði fleiri skóla hafa sérmenntaða myndmenntar-, textíl- og smíðakennara en sérmenntaða tónmenntarkennara. Í rannsókn Bamford kom fram að margir skólar hefðu fengið utanaðkomandi aðila til að bæta upp skort á dans- og tónlistarkennurum, meðal annars tónlistarskólakennara sem sinni þá fremur yngri nemendum en þeim eldri. Vera má að sú sé raunin í einhverjum þeirra átta skóla sem ekki virðast hafa sérhæfða tónmenntarkennara samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar sem hér er kynnt.

Vitneskjan um að sérhæfðir kennarar list- og verkgreina starfi í skóla eða að viðkomandi greinar séu kenndar segir ekki til um hvort allir nemendur fái kennslu í greinunum í samræmi við fyrirmæli aðalnámskrár. Út frá gögnum þessarar rannsóknar er ekki unnt að áætla um tímamagnið sem hver árgangur grunnskólans fær. Fram kemur í könnun Menntasviðs Reykjavíkur (2009) hvort viðkomandi listgrein hafi verið kennd í hverjum árgangi fyrir sig en ekki voru upplýsingar um umfang. Aðrar rannsóknir, sem hér er vísað til, gefa ekki nákvæmar upplýsingar um hvaða árgangar fengu kennsluna og hve mikinn kennslutíma en í tónmennt virðast yngri árgangar fá meiri kennslu en þeir eldri (Helga Rut Guðmundsdóttir, 2008; Menntamálaráðuneytið, 2003). Hjá Kristínu Valsdóttur (2006) kom fram að tónmenntarkennararnir, sem þátt tóku í rannsókn hennar, höfðu mismikinn kennslutíma til umráða. Ætla má að slíkan mun megi finna á milli skóla í fleiri list- og verkgreinum. Það væri verðugt verkefni að rannsaka hvernig skólar, t.d. í einstökum sveitarfélögum, mæta rétti nemenda til náms í þessum greinum samkvæmt aðalnámskrá. Sú rannsókn, sem hér er kynnt, gefur vísbendingar um að þar skorti eitthvað á.

Það vekur athygli að 15% þeirra sem í þessari rannsókn eru skilgreindir sem list- og verkgreinakennarar sögðust kenna fleiri en eina greinanna, allt upp í fimm þeirra. Það kveikir spurningar um sérhæfingu kennaranna og möguleika þeirra til símenntunar og starfspróunar í hverri grein fyrir sig. Þessar niðurstöður ásamt vísbendingunum um að sérhæfða kennara skorti í vissum greinum í einhverja skólanna tuttugu benda einnig til þess að þörf sé á fleiri menntuðum kennurum list- og verkgreina sem annaðhvort sérhæfa sig í grunnmenntun sinni eða í símenntun og starfspróun síðar á ævinni.

Einnig er athyglisvert að list- og verkgreinakennarar höfðu að jafnaði kennt lengur í skólanum, sem þeir unnu við þegar rannsóknin var gerð, en aðrir kennarar, eða í 11 ár á móti 9 árum meðal annarra kennara. Meðalkennslureynsla tónmenntarkennara var rúm 15 ár (ekki tekið fram hvort var við sama skólann eða fleiri) í rannsókn Helgu Rutar Guðmundsdóttur (e.d.). Áhugavert væri að rannsaka ástæður þess að list- og verkgreinakennarar

starfa lengur en aðrir kennarar í sama skólanum. Þótt gögn þessarar rannsóknar leiði þær ekki fram skulu hér nefndar nokkrar tilgátur. List- og verkgreinar hafa yfirleitt sérútbúið kennslurými, til dæmis eldhús, tónmenntarstofu, íþróttasal eða myndmenntarstofu. Líklega ráða kennarar greinanna, sem oftast eru fáir, jafnvel einn í hverjum skóla, miklu um útbúnað. Vera má að þeir bindist fremur kennslurýminu en aðrir kennarar sem væntanlega þurfa að lúta sömu reglum um innkaup í almennar stofur. Þá má hugsa sér að meiri munur sé á milli skóla hvað snertir viðhorf, kennslumagn og aðbúnað list- og verkgreina en annarra námsgreina, svo sem íslensku eða stærðfræði. Starfi list- eða verkgreinakennari í skóla sem hlúir vel að hans grein og hann ef til vill mikils ráðandi um uppbyggingu hennar er skiljanlegt að hann vilji vera þar áfram. Enn ein skýringin gæti verið sú að list- og verkgreinakennarar séu ánægðari í starfi en aðrir kennarar og hafi til dæmis minni áhuga á að komast í stjórnunarstöður innan skólans eða skólakerfisins.

Aðalnámskrá notuð minna við undirbúning kennslu en ætla mátti

Í síðari spurningunni, sem sett er fram vegna þessarar rannsóknar, er spurt að hvaða marki list- og verkgreinakennarar nýti sér aðalnámskrá og skólanámskrá þegar þeir undirbúa kennslu og hvort munur sé á list- og verkgreinakennurum og öðrum kennurum í þeim efnum. Athygli vakti að aðeins rúmlega helmingur list- og verkgreinakennara, sem svaraði spurningakönnuninni, sagðist styðjast að öllu eða miklu leyti við aðalnámskrá við undirbúning kennslu að hausti (59%). Þetta var lægra hlutfall en átti við um aðra kennara (76%). Þessi munur kom á óvart en bent er á að um þriðjungur list- og verkgreinakennara (35%) til viðbótar sagðist styðjast við aðalnámskrá að töluverðu eða nokkru leyti við undirbúning kennslu að hausti. Vísbendingar um að list- og verkgreinakennarar þrói eigin námskrá og fari eigin leiðir í kennslu hafa reyndar komið fram í íslenskum rannsóknum (Guðrún Helgadóttir, 1989; Kristín Valsdóttir, 2006; Helga Rut Guðmundsdóttir, e.d.).

Af svörum list- og verkgreinakennara í hópviðtölum má ráða að þeir hafi litið svo á að ógjörningur væri að vinna að öllum þeim markmiðum sem fram koma í aðalnámskránni, til dæmis vegna takmarkaðs kennslutíma sem ætlaður er greinunum. Vera má að kennarar annarra greina séu sama sinnis, en list- og verkgreinakennararnir tóku sterkt til orða þegar þeir tjáðu þá skoðun að óraunhæft sé að láta fara saman að öllu leyti hina áformuðu eða opinberu námskrá og þá virku (Akker, 2003). Í máli kennaranna kom einnig fram að rækilegast færu þeir í gegnum aðalnámskrána í upphafi kennsluferilsins en flettu henni til þess að minna sig á markmiðin þegar reynslan yrði meiri. Í því ljósi gæti hærri starfsaldur list- og verkgreinakennaranna í viðkomandi skóla skýrt að einhverju leyti hvers vegna þeir styðjast minna við aðalnámskrá en hinir kennararnir sem höfðu að jafnaði styttri starfsaldur í skólanum. Þeirra eigið mat á því hvað gagnaðist nemendum best eða svaraði helst væntingum þeirra réði nokkru um áherslur þeirra í kennslunni og einn þeirra sagði beinlínis að markmið aðalnámskrár væru misgagnleg. Viðmælendur sögðust leggja meira upp úr verklegum þáttum en þeim sem kölluðu á lestur eða munnlega tjáningu nemenda. Ígrunda má hvort það gæti verið á kostnað þátta sem skilgreindir eru í aðalnámskrá sem greining, mat eða þekking á sögu og samfélagslegu samhengi greinanna. Það er efni í aðra rannsókn. Sumir kennaranna lögðu áhersluna á verklegu þættina í ljósi þess að þeir skynjuðu mikið óþol nemenda gagnvart bóklegu námi í skólanum. Meyvant Þórólfsson o.fl., (2007) bentu á að meðal þess sem býr að baki þegar kennarar taka ákvarðanir um fyrirkomulag kennslu sé tillit til tilfinningalegra þátta og mat á félagslegum þroska nemenda. Það gæti átt við hér og list- og verkgreinakennarar teldu verklega þætti sinna greina best geta komið til móts við þörf nemenda fyrir annars konar nám en hið bóklega.

Ekki er auðvelt að meta út frá þeim gögnum sem hér er unnið úr hvort munurinn á milli opinberu námskrárinnar og þeirrar virku skýrist af fagmennsku kennaranna sem kunna að laga námskrá að raunverulegum aðstæðum samanber Eisner (2002), að þeir séu „sjálfstæðar fagmanneskjur“ (sbr. Meyvant Þórólfsson o.fl., 2007) eða hvort áherslurnar ráðist

af því sem auðveldast er að kenna (sbr. Rúnar Sigbórsson, 2008). Fleiri skýringar koma til greina. Ein getur falist í ítrekaðri staðhæfingu list- og verkgreinakennaranna um að það verði að velja og hafna þar sem tímarnir nægi ekki til þess að sinna öllum settum markmiðum aðalnámskrár. Önnur skýring er að námskráin sé hreinlega of umfangsmikil og efni hennar ekki við hæfi nemenda að mati kennara. Þá kann að hafa áhrif að hjá hinum kennurunum, sem fremur studdust við aðalnámskrá, er að finna þær greinar sem komu til samræmdra prófa (Rúnar Sigbórsson, 2008). Loks mætti skýra þessar niðurstöður með því að kennurum finnst þá skorta færni og þekkingu til að sinna öllum þeim verkefnum sem upp eru talin, þeir eru gjarnan einyrkjar og hafa ekki samstarfsmenn til að læra af eða læra með og ekki er víst að þeir hafi þann bakstuðning frá stjórnendum skólans sem til þarf.

Hærra hlutfall list- og verkgreinakennara sagðist aftur á móti styðjast að öllu eða miklu leyti við skólanámskrá (73%), sem byggist á aðalnámskrá, en þeir gerðu við aðalnámskrána sjálfa (59%), við undirbúning vetrarstarfs að hausti. Sama átt ekki við um aðra kennara. Skólanámskrá bar nánast ekkert á góma í hópviðtölunum við list- og verkgreinakennara og því skortir gögn til að leita skýringa á þeim mun sem birtist í svörum spurningakönnunar, annars vegar um stuðning af aðalnámskrá og hins vegar af skólanámskrá. Einn kennaranna tók þó fram að hann hefði gert sína námskrá sjálfur, þ.e. skólanámskrá fyrir sína grein, og þá haft aðalnámskrá til hliðsjónar. Skólunum ber samkvæmt lögum (*Lög um grunnskóla* nr. 66/1995, 31. gr.; nr. 91/2008, 29.gr.) að semja skólanámskrá út frá aðalnámskránni. Þess er að vænta að kennarar eigi þar stóran hlut að máli og ekki ólíklegt að list- og verkgreinakennarar skólanna hafi mikið um greinar sínar að segja þar sem fáir kennarar sinna hverri þeirra og geti sveigt efni aðalnámskrár að hugmyndum sínum, stöðu nemenda og aðstæðum í skólanum. Sé það tilfellið þarf ekki að koma á óvart að stuðningur af skólanámskrá sé meiri en af aðalnámskrá þar sem höfundar eru í meiri fjarlægð frá veruleika kennslustofunnar, samanber skilning Eisner (2002). Um þetta er þó ekkert hægt að fullyrða út frá gögnunum sem hér eru til skoðunar. Áhugavert er að rannsaka hvernig samræmið er á milli fyrirmæla aðalnámskrár og útfærslu skólanámskráa og svo hina virku námskrá, það er að segja hvernig raunveruleg framkvæmd kennslunnar er. Niðurstaða Ruebling og féлага (2004) er sláandi en rannsókn þeirra leiddi í ljós að innan við helmingur kennara vann í samræmi við gildandi námskrá. Að mati rannsakendanna var aðalástæða þess hörgull á markvissu samstarfi, þjálfun og eftirfylgni sem ætti að vera á ábyrgð skólastjórnenda.

Með áframhaldandi úrvinnslu gagna þeirrar rannsóknar sem hér er til umfjöllunar, svo sem vettvangsathugana og viðtala við einstaka kennara, fæst skýrari mynd af námi og kennslu list- og verkgreina í reynd og að hvaða marki hún er í samræmi við stefnumörkun yfirvalda.

Þátttakendum í rannsókninni er þakkað þeirra framlag svo og styrktaraðilum sem eru Rannís, Rannsóknasjóður Háskóla Íslands, Rannsóknasjóður Háskólans á Akureyri, Nýsköpunarsjóður námsmanna og Vinnuálastofnun.

Heimildir

Akker, J. J. H. van den. (2003). Curriculum perspectives: an introduction. Í J. van den Akker, W. Kuiper og U. Hameyer (ritstjórar), *Curriculum landscape and trends* (bls. 1–10). Dordrecht: Kluwer Academic Publishers.

Bamford, A. (2006). *The Wow Factor – Global research compendium on the impact of the arts in education*. New York: Waxmann Munster.

„Indæli“ markmið en ógerningur að sinna þeim öllum: List- og verkgreinar – áætlað umfang og nýting námskráa við undirbúning kennslu

Bamford, A. (2011). *List- og menningarfræðsla á Íslandi*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti. Sótt í desember 2011 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/nyrit/nr/5966>

Eisner, W. E. (2002). *The arts and the creation of mind*. New Haven: Yale University press.

Fræðslumálastjórnin. (1929). *Námsskrá fyrir barnaskóla*. Reykjavík: Höfundur.

Guðmundur Finnbogason. (1994). *Lýðmenntun*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. (Fyrst kom ritið út 1903).

Guðrún Hannele Henttinen. (2000). *Textílmennt með augum textílkennara*. Óbirt meistaraþrófsritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.

Guðrún Helgadóttir. (1989). *A survey of attitudes of Icelandic art and craft teachers toward curriculum and practice in their subject area*. Óbirt meistaraþrófsritgerð: University of British Columbia.

Helga Rut Guðmundsdóttir. (2008). Útbreiðsla tónmenntakennslu, aðstæður og viðhorf. Viðtöl við skólastjóra og tónmenntakennara í íslenskum grunnskólum. *Tímarit um Menntarannsóknir*, 5, 63–76.

Helga Rut Guðmundsdóttir. (e.d.). *Íslenskir tónmenntakennarar: Viðhorf og venjur*. Óútféið handrit.

Kristín Á. Ólafsdóttir. (2007). *Þróun leikrænnar tjáningar í íslenskum grunnskólum*. Óbirt meistaraþrófsritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.

Kristín Valsdóttir. (2006). *Einhver svona Alí Baba: Rannsókn á viðhorfum og starfsumhverfi farsælla tónmenntakennara*. Óbirt meistaraþrófsritgerð: Kennaraháskóli Íslands, uppeldis- og menntunarfræði.

Lög um fræðslu barna nr. 59/1907.

Lög um fræðslu barna nr. 40/1926.

Lög um fræðslu barna nr. 94/1936

Lög um fræðslu barna nr. 34/1946.

Lög um grunnskóla nr. 63/1974.

Lög um grunnskóla nr. 49/1991.

Lög um grunnskóla nr. 66/1995.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008

Menntamálaráðuneytið. (1960). *Námsskrá fyrir nemendur á fræðsluskylduáldri*. Reykjavík: Höfundur.

Menntamálaráðuneytið. (1999). *Aðalnámsskrá grunnskóla: Listgreinar*. Reykjavík: Höfundur.

Menntamálaráðuneytið. (2003). *Tónmenntakennsla í grunnskólum, skólaárið 2002–2003*. Reykjavík: Höfundur.

- Menntamálaráðuneytið. (2006). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti*. Reykjavík: Höfundur.
- Menntamálaráðuneytið. (2007a). *Aðalnámskrá grunnskóla: Heimilisfræði*. Reykjavík: Höfundur.
- Menntamálaráðuneytið. (2007b). *Aðalnámskrá grunnskóla: Hönnun og smíði*. Reykjavík: Höfundur.
- Menntamálaráðuneytið. (2007c). *Aðalnámskrá grunnskóla: Íþróttir – líkams- og heilsu-rækt*. Reykjavík: Höfundur.
- Menntamálaráðuneytið. (2007d). *Aðalnámskrá grunnskóla: Listgreinar*. Reykjavík: Höfundur.
- Menntasvið Reykjavíkur. (2009). *Skýrsla starfshóps um listgreinakennslu í grunnskólum Reykjavíkur*. Reykjavík: Höfundur.
- Meyvant Þórolfsson, Allyson Macdonald og Eggert Lárússon. (2007). Sýn fimm grunnskólakennara á nám og kennslu í náttúruvísindum. *Tímarit um menntarannsóknir*, 4, 83–99.
- Rannveig Þorkelsdóttir. (2009). *Staða leiklistar í grunn- og framhaldsskólum*. Óbirt meistaraþrófsritgerð: Háskóli Íslands, Félags- og mannvísindadeild.
- Ruebling, C. E.; Stow, S. B.; Kayona, F. A. og Clarke, N. A. (2004). Instructional leadership: An essential ingredient for improving student learning. *The Educational Forum*, 68(3), 243–253.
- Rúnar Sigþórsson. (2008). *Mat í þágu náms eða nám í þágu mats. Samræmd próf, kennsluhugmyndir kennara, kennsla og nám í náttúrufræði og íslensku í fjórum íslenskum grunnskólum*. Óbirt doktorsritgerð: Kennaraháskóli Íslands.
- UNESCO. (2007). *Vegvísir fyrir listfræðslu. Heimsráðstefna um listfræðslu: Efling sköpunarkrafts á 21. öld, Lissabon, 6–9. mars 2006* (Jón Hrólfr Sigurjónsson þýddi fyrir Félag tónlistarkennara). Reykjavík: Félag tónlistarkennara. (Fyrst kom ritið út 2006).



Kristín Á. Ólafsdóttir. (2011). „Indæll“ markmið en ógæringur að sinna þeim öllum: List- og verkgreinar – áætlað umfang og nýting námskráa við undirbúning kennslu. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvíka 2011*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/016.pdf>